



Námsáætlun – Leiklist 7.bekkur 2015-16

Helstu viðfangsefni

Á haustönn eru verkefnin nokkur. Við byrjum á að vinna með þjóðsögur/ævintýra þema þar sem að valdar verða sögur sem henta hópnum. Söguleikhúsið er einnig á dagskránni þar sem nemendur þjálfast í leika ýmsar persónur, segja sögur og túlka ýmsar tilfinningar. Sviðsbardagalist er kynnt og fá nemendur að prufa nokkrar brellur í sviðstækni leikararans.

Undirbúningur fyrir jóllaleikritið hefst í október þar sem nemendur vinna með handrit að leikriti og þróa senur út frá því. Tilkynnt verður seinna í haust hvaða verk verður valið. Afraksturinn er svo 20 mínútna leikrit sýnt í desember.

Á vorönn eru verkefnin tengd stuttmyndagerð þar sem nemendur vinna saman í hópum við að skrifa handrit, leika og leikstýra stuttri kvikmynd. Kvikmyndalæsi og kvikmyndagagnrýni tekur svo við.

Að auki kynnast nemendur útvarpsleikhúsinu og vinna með það form í tímum.

Kennslutilhögun

Innlagnir verkefna, hópefli, traustleikir, leiktækni, hlustun og spunaleikir verða helstu vinnuaðferðirnar. Lögð er áhersla á að nemendur geta unnið sjálfstætt og að þeir læri að bera virðingu fyrir öðrum í bekknum. Hópvavinna er einnig mikilvæg þar sem að allir geta unnið saman.

Námsmat

Einkunn er gefin í lok annar.

Tekið er mið af sjálfstæði, frumkvæði, sköpun, vinnusemi, áhuga, vandvirkni og viðhorfi.